# Egla hf.

Samandreginn
Samstæðuárshlutareikningur

# 1.1 - 30.6.2008

Egla hf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
kt. 551102-2030

# Egla hf.

Samandreginn
Samstæðuárshlutareikningur

# 1.1 - 30.6.2008

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar og forstjóra | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Yfirlit um breytingar á eigin fé | 7 |
| Skýringar | 8-10 |

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa í Eglu hf.**

Við höfum kannað meðfylgjandi samstæðuárshlutareikning Eglu hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, enahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um breytingu á eigin fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuárshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um samstæðuárshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2008 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 30. september 2008

**Deloitte hf.**

Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur Eglu hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 hefur að geyma samstæðuárshlutareikning Eglu hf. og dótturfélags. Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótakröfur um upplýsingagjöf sem krafist er af félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði.

Samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar var tap tímabilsins 15.031 millj.kr og samkvæmt efnahagsreikningi samstæðunar nema eignir hennar 79.076 millj.kr. í lok tímabilsins. Eigið fé í lok tímabilsins nam 41.878 millj.kr. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 52.96% í lok tímabilsins.

Í lok tímabilsins voru tveir hluthafar sem og í upphafi árs. Einn hluthafi á meira en 10% hlutafjárins, Kjalar hf. með 99,99% hlutafjár.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um úthlutun arðs, en stjórnin vísar til árshlutareiknings varðandi breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Stjórn og forstjóri Eglu hf. staðfesta samkvæmt þeirra bestu vitund að samstæðuárshlutareikningur þessi gefi glögga mynd af rekstarafkomu samstæðunar, eignum, skuldum og breytingu á handbæru fé á tímabilinu. Ennfremur er það álit stjórnar og forstjóra Eglu hf. að reikningsskilareglur samstæðunnar séu viðeigandi og að í samstæðuárshlutareikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins.

Stjórn og forstjóri Eglu hf. hafa í dag yfirfarið og samþykkt árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. september 2008

### Í stjórn

Ólafur Ólafsson
stjórnarformaður

Kristinn Hallgrímsson

Ásbjörn Gíslason

### Forstjóri

Hjörleifur Jakobsson

# Rekstrarreikningur tímabilsins 1.1 - 30.6.2008

| | Skýr. | 1.1 - 30.6.2008 | 1.1 - 30.6.2007 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Gangvirðisbreytingar fjárfestingarverðbréfa | 3 | (6.890.368) | 23.639.121 |
| Vaxtatekjur | | 45.191 | 8.574 |
| | | (6.845.178) | 23.647.694 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Fjármagnsgjöld | 4 | (7.321.482) | (674.335) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (28.754) | (5.532) |
| | | (7.350.237) | (679.867) |
| **Afkoma fyrir skatta** | | (14.195.414) | 22.967.827 |
| Tekjuskattur | 5 | (836.050) | 108.665 |
| **Afkoma tímabilsins** | | (15.031.465) | 23.076.492 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2008

| **Eignir** | **Skýr.** | **30.06.2008** | **31.12.2007** |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur | 6 | 73.197.175 | 81.551.710 |
| Skuldabréfaeign á tengda félög | | 4.147.615 | 29.584.354 |
| | | 77.344.790 | 111.136.064 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Reiknuð skattinneign | 9 | 0 | 68.964 |
| Aðrar skammtímakröfur | 7 | 1.046.208 | 824.010 |
| Bankainnstæður | | 685.156 | 633.908 |
| | | 1.731.364 | 1.526.883 |
| **Eignir** | | 79.076.154 | 112.662.947 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| Hlutafé | | 11.510 | 11.510 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 2.230.968 | 2.230.968 |
| Þýðingarmunur | | (67.662) | (67.662) |
| Óráðstafað eigið fé | | 39.703.526 | 54.734.991 |
| Eigið fé | | 41.878.342 | 56.909.807 |
| **Skuldir** | | | |
| Lántökur | 8 | 35.784.790 | 55.171.065 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 9 | 767.086 | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 10 | 645.936 | 582.075 |
| Skuldir | | 37.197.812 | 55.753.140 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 79.076.154 | 112.662.947 |

# Yfirlit um sjóðstreymi tímabilsins 1.1 - 30.6.2008

| | Skýr. | 1.1 - 30.6.2008 | 1.1 - 30.6.2007 |
|---|---|---|---|
| **Handbært fé frá (til) rekstrar** | | 369.374 | (233.020) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | 0 | (365.732) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | (318.127) | 850.351 |
| Hækkun handbærs fjár | | 51.248 | 251.599 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 633.908 | 30.902 |
| Handbært fé í lok tímabilsins | | 685.156 | 282.501 |

# Yfirlit yfir breytingar á eigin fé

| | Hlutafé | Yfirverðs-<br>reikningur | Þýðingar-<br>munur | Óráðstafað<br>eigið fé | Samtals<br>eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2007........................ | 11.072 | 2.230.968 | | 50.381.019 | 52.623.059 |
| Leiðrétt hlutafé vegna samruna | 438 | | | (438) | 0 |
| Hagnaður ársins......................... | | | | 4.354.410 | 4.354.410 |
| Þýðingarmismunur.................... | | | (67.662) | | (67.662) |
| Eigið fé 31.12.2007.................... | 11.510 | 2.230.968 | (67.662) | 54.734.992 | 56.909.807 |
| Afkoma tímabilsins.................... | | | | (15.031.465) | (15.031.465) |
| Eigið fé 30.6.2008...................... | 11.510 | 2.230.968 | (67.662) | 39.703.527 | 41.878.342 |

Heildarhlutafé félagsins er 11.518.948 kr. eins og kveðið er á um í samþykktum félagsins, eigin bréf eru 9.215 kr. eða 0,08% af heildarhlutafé félagsins.

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Egla hf. er hlutafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 138/1994. Megin tilgangur félagsins er fjárfestingar og eignarhald hlutafjár í skráðum fyrirtækjum.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Samandreginn árshlutareikningur Eglu hf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2008 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reiningsskilastaðal (IAS 34), um árshlutareikningsskil, samþykktan af Evrópusambandinu.

Árshlutareikningurinn inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar, en ekki allar þær upplýsingar og skýringar sem krafist er í fullbúnum ársreikning. Við gerð árshlutareikningsins þurfa stjórnendur í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla að gefa sér forsendur og framkvæma ýmis möt sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld tímabilsins. Raunveruleg verðmæti kunna að vera með öðrum hætti en mat stjórnenda.

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2007.

## 3. Gangvirðisbreytingar fjárfestingarverðbréfa

| | 1.1 - 30.6.2008 | 1.1 - 30.6.2007 |
|---|---|---|
| Arðstekjur | 1.464.167 | 1.105.016 |
| Gangvirðisbreytingar | (8.354.535) | 22.534.105 |
| | (6.890.368) | 23.639.121 |

## 4. Fjármagnsgjöld

| | 1.1 - 30.6.2008 | 1.1 - 30.6.2007 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld og verðbætur langtímalána | (1.463.329) | (1.151.617) |
| Gengistap | (5.830.160) | 477.282 |
| Önnur vaxtagjöld | (27.993) | 0 |
| | (7.321.482) | (674.335) |

## 5. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 836 milljónum króna. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2009.

## 6. Eignarhlutar í skráðum félögum

| | Hlutdeild % | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| **Eignarhlutar í skráðum félögum:** | | | |
| Kaupþing hf. | 9,88% | 73.153 | 55.815.957 |
| Alfesca hf. | 39,67% | 2.330.724 | 16.990.981 |
| Exista hf. | 0,46% | 51.893 | 390.237 |
| | | 2.455.771 | 73.197.175 |

# Skýringar

## 7. Aðrar peningalegar eignir

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 30.06.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Fjármagnstekjuskattur | 384.994 | 162.796 |
| Viðskiptakröfur | 661.215 | 661.215 |
| | 1.046.208 | 824.010 |

## 8. Lántökur

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 30.06.2008 | 31.12.2007 |
| Skuldir í CHF | 2.133.283 | 1.506.520 |
| Skuldir í EUR | 22.659.427 | 50.739.949 |
| Skuldir í JPY | 1.354.366 | 994.971 |
| Skuldir í USD | 2.466.753 | 1.929.625 |
| Skuldir í ISK | 7.170.962 | 0 |
| Langtímaskuldir 30.6.2008 | 35.784.790 | 55.171.065 |

## 9. Tekjuskattsskuldbinding

| | 30.06.2008 |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 68.964 |
| Reiknaður tekjuskattur tímabilsins | (836.050) |
| Staða í lok tímabilsins | (767.086) |

**Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:**

| | |
|---|---|
| Frestaður gengishagnaður | (746.990) |
| Aðrir liðir | (20.096) |
| | (767.086) |

## 10. Aðrar peningalegar skuldir

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 30.06.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Ógreiddir áfallnir vextir | 635.057 | 575.714 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 10.879 | 6.361 |
| | 645.936 | 582.075 |

# Skýringar

## 11. Dótturfélög

Samstæða Eglu hf., samanstendur af móðurfélaginu Eglu hf. og dótturfélaginu Kjalar Holding B.V. sem er 100% í eigu Eglu hf.

## 12. Atburðir eftir reikningsskiladag

Helstu eignir félagsins eru í skráðum félögum í OMX kauphöllinni. Þann 29.9.2008 hafði markaðsvirði þeirra rýrnað sem nemur 5,2 milljörðum króna. Gengistap af skuldum og kröfum hefur aukist um sem nemur 3 milljörðum.

## 13. Ábyrgðir og önnur mál

Helstu eignir félagsins eru í skráðum félögum í OMX kauphöllinni. Þann 29. september 2008 hafði markaðsvirði þeirra rýrnað sem nemur 5,2 milljörðum króna. Gengistap af skuldum og kröfum hefur aukist um sem nemur 3 milljörðum. Í þeim tilgangi að verjast gengisáhættu hefur móðurfélag félagsins, Kjalar hf. gert gjaldmiðlasamninga á heildarlánasafni samstæðunnar.

## 14. Samþykki árshlutareiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 30. september 2008.